

- 2) Meðan nokkur af afkomendum O. C. Thorarensen lyfsala í beinan karllegg er á lífi, og hefir leyst af hendi lyffræðispróf, er hann sjálfkjörinn í stjórn sjóðsins, og ræður aldur ef um fleiri er að ræða. Sé enginn slíkur afkomandi til, kýs félagsskapur starfandi lyfsala á þeim tíma mann í stjórnina. 1. febr. 15
- 3) Verði stofnuð hér á landi kennsludeild fyrir lyffræðinga, er forstöðumaður þeirrar deildar sjálfkjörinn í stjórn sjóðsins, eða annar maður er hann tilnefnir. Þang- að til tilnefna ofangreindir tveir stjórnendur þriðja mann í sjóðstjórnina.

6. gr.

Sjóðstjórninni ber að auglýsa eftir umsækjendum um styrki úr sjóðnum árlega í blaði því er flytur opinberar auglýsingar, og reikningar sjóðsins skulu árlega birtir í sama blaði.

Á skipulagsskrá þessari skal leita konunglegrar staðfestingar.

Reykjavík, 28. desember 1937.

Stefán Thorarensen,
lyfsali í Reykjavík.

F. h. Odds C. Thorarensen lyfsala á Akureyri,
Stefán Thorarensen.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Gjölf Hannesar Þorsteinssonar, út- gefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 2. febr. 1938. 2. febr. 16

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Gjölf Hannesar Þorsteinssonar.

1. gr.

Sjóður þessi, sem stofnaður er með dánargjöf dr. phil. Hannesar Þorsteinssonar þjóðskjalavarðar, samkvæmt arfleiðsluskrá hans dagsettri 11. júlí 1931, nefnist Gjölf Hannesar Þorsteinssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Háskóla Íslands og stendur undir stjórn háskólaráðsins, er skal varðveita eignir hans og sjá um, að þær séu gerðar arðbærar. Peninga eign sjóðsins skal geymd í Landsbanka Íslands eða varið til kaupa á veðdeildarbréfum Landsbankans, jarðræktarbréfum, ríkisskuldabréfum eða öðrum álíka tryggum verðbréfum. Svo má og, ef það þykir henta, kaupa fyrir fé sjóðsins fasteignir, er tryggt þykir að eiga og öruggt að gefi arð. Handrit þau, sem nú eru eign sjóðsins, skal háskólaráðið reyna að selja, en þó er því óheimilt að selja þau til útlanda.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og skal jafnan árlega leggja við hann a. m. k. 1/10 af arði þeim, sem sjóðurinn hefir haft af eignum sínum það ár. Gróði, sem sjóðurinn hlýtur við kaup eða sölu á verðbréfum eða öðrum eignum, skal allur lagður við höfuðstólinn.

16

2. febr.

4. gr.
 Þeim hluta af arði sjóðsins, er eigi skal leggja við höfuðstólinn samkv. 3. gr., má verja á þessa leið:

- a. Til styrktar ungam námsmönnum, sem leggja stund á íslenska sagnfræði við Háskóla Íslands.
- b. Til rannsókna og rita um íslenska sögu og persónusögu, ásamt ættfræði.
- c. Til útgáfu rita um þau efni, sem getur í b-lið þessarar greinar, sérstaklega rita frá síðari öldum, eftir siðaskipti.

5. gr.

Háskólaráðið ræður úthlutun fjár úr sjóðnum, eftir tillögum heimspekisdeildar. Heimilt er að leggja saman og úthluta í einu tekjum fleiri ára en eins, ef slíkt þykir hagkvæmt.

6. gr.

Reikning sjóðsins skal gera árlega, og skal hann endurskoðaður með sama hætti sem reikningar annara sjóða háskólans. Reikninginn skal birta í árbók háskólans.

7. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari og birta hana í B-deild Stjórnartíðindanna.

17

25. febr.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Menningarsjóð Ljósvetninga“, útgefin ad mandatum á venjulegan hátt af dóms- og kirkjumálaráðherra 25. febr. 1938. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Ljósvetninga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Menningarsjóður Ljósvetninga“.

2. gr.

Sjóðurinn er eign sveitarfélags Ljósavatnshrepps í Suður-Dingeyjarsýslu, og má hagnýta hann aðeins á þann hátt sem skipulagsskrá þessi mælir fyrir um.

3. gr.

Sveitarstjórn Ljósavatnshrepps hefir á hendi umsjón sjóðsins og reikningshald og gerir árlega fulla grein fyrir reikningum hans, bæði gagnvart sveitarmönnum og héraðsstjórn.

Fé sjóðsins — sem 31. des. 1937 nam kr. 1685.76 — skal ávaxta í Sparisjóði Kinnunga, í Landsbanka Íslands, í bankavaxtabréfum, rikisskuldabréfum eða jarðræktarbréfum.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja til náms, í bóklegum fræðum eða verklegum greinum, fáteka en efnilega unglinga, sem lögheimili eiga í Ljósavatnshreppi.